

FORSETAÚRSKURÐUR

um breytingu á forsetaúrskurði nr. 71/2013, um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt:

Að ég, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, staðfesti svohljóðandi forsetaúrskurð um breytingu á forsetaúrskurði nr. 71/2013, um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða 1. gr.:

- Við bætist nýr töluliður sem verði 2. töluliður og orðast svo:
Þjóðhagsmál, þar á meðal:
 - Ráðherranefnd um efnahagsmál.
 - Ráðherranefnd um ríkisfjármál.
 - Hagskýrslugerð, og upplýsingar um landshagi, þ.m.t. málefni Hagstofu Íslands.
- a-liður 5. töluliðar 1. gr. fellur brott.

2. gr.

Við 2. tölul. 4. gr. bætist nýr stafliður sem orðast svo: Embætti héraðssaksóknara.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr.:

- o-liður 2. tölul. orðast svo: Menntamálastofnun.
- p-liður 2. tölul. fellur brott.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr.:

- c-, m- og p-liður 2. tölul. falla brott.
- g-liður 3. tölul. fellur brott.
- k- og p-liður 8. tölul. falla brott.
- Við 10. tölul. bætist nýr stafliður sem orðast svo: Úrskurðarnefnd velferðarmála.

5. gr.

Forsetaúrskurður þessi, sem á sér stoð í 15. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, og 4. gr. laga nr. 115/2011, um Stjórnarráð Íslands, öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 7. september 2015.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.